

Fjármálaráðherra kynnti í dag Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2010. Það kemur fáum á óvart að í frumvarpinu er gert ráð fyrir stórtækum aðgerðum í ríkisfjármálum sem ætlað er að brúa þann mikla fjárlagahalla sem ríkið stendur nú frammi fyrir. Samkvæmt frumvarpinu er stefnt að bata í rekstri sem nemur tæplega 100 ma.kr. en óhætt er að segja að megnið af þeim aðgerðum eigi sér stað í gegnum skattahækkunarir.

Samkvæmt stöðugleikasáttmála sem undirritaður var af ríkisstjórn og aðilum vinnumarkaðar í sumar var lögð áhersla á að hlutdeild tekjuöflunar í ríkisfjármálum yrði ekki of mikil. Miðað var við að skattar yrðu lækkandi hlutfall aðlögunaraðgerða og ekki samtals hærri en 45% þeirra fyrir árin 2009 – 2011.

Nú þegar aðgerðir ársins 2009 liggja fyrir í formi bandorms (sem samþykktur var á sumarpingi) og fjárlagafrumvarp ársins 2010 hefur verið kynnt má telja ljóst að verulega er vegið að áðurnefndum stöðugleikasáttmála. Um leið er vegið að heimilum og fyrir! tækjum í landinu og jafnvægi milli hins opinbera og almenns vinnumarkaðar. Aðlögunaraðgerðir sumarsins voru nær eingöngu á tekjuhliðinni, í formi hækkðra skatta og nú eru enn frekari skattahækkunarir eru boðaðar án samsvarandi aðhaldsaðgerða hjá hinu opinbera.

Meðal þess sem lagt er til í fjárlagafrumvarpinu eru umtalsverðar hækkunarir á beinum sköttum einstaklinga og heimila, þ.e. tekju- og fjármagnstekjuskatti, nýir auðlinda, orku og umhverfisskattar sem leggjast ekki eingöngu á fyrirtæki stóriðju heldur á öll fyrirtæki og heimili í landinu í formi hærri orkuverðs, stórauðning á neyslusköttum og vörugjöldum og svo mætti lengi telja.

Það er ljóst að breikka þarf tekjugrunn hins opinbera og ekki getur talist raunhæft að brúa fjárlagagatið eingöngu með aðhaldi í ríkisrekstri – sér í lagi til skemmri tíma. Engu að síður er forkastanlegt hvernig stjórnvöld hyggjast varpa stærstum hluta vandans á löskuð heimili og fyrirtæki í landinu. Nú hefur þegar átt sér s! tað veruleg aðlögun hjá heimilum og fyrirtækjum sem sést best á verule gum samdrætti í einkaneyslu, hruni í fjárfestingu einkaaðila, auknum gjaldþrotum fyrirtækja og lækkandi launum á almennum vinnumarkaði. Hið opinbera verður að taka þátt í með sama hætti. Í ljósi þenslu í ríkisútgjöldum síðustu ár er með öllu ótækt að jafn máttlítil skref séu stigin í átt til niðurskurðar og aðhalds og raun ber vitni í fjárlagafrumvarpinu. Skattþíning fyrirtækja og heimila, til að verja störf útgjöld og störf í opinbera geiranum eru í besta falli skammgóður vermir.

Viðskiptaráð Íslands mótmælir harðlega skattastefnu stjórnvalda, enda vinnur hún gegn markmiðum um endurreisn hagkerfisins, auknu atvinnustigi og uppbyggingu sterks og sjálfbærs velferðarkerfis.